

Sveitarfélagið Árborg
Skipulagsfulltrúi
Austurvegi 2
800 Selfossi

Garðabær, 13. maí 2025
202504-0054/I.M.B.
08.02

Efni: Umsögn um tillögu að deiliskipulagi á svæði Hestamannafélagsins Sleipnis

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Sveitarfélagsins Árborgar er barst 4. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir svæði Hestamannafélagsins Sleipnis á Selfossi

Meginmarkmið deiliskipulagsins er að setja fram heildstæða stefnu fyrir allt hesthúsahverfið, bæði núverandi svæði og stækkun þess til suðurs. Deiliskipulagið byggir í meginráttum á núverandi fyrirkomulagi með áherslu á bættar reiðleiðir og þjálfunarsvæði. Gert er ráð fyrir nýjum lóðum, fleiri hesthúsum, bættum reiðleiðum ofl. Stækkun núverandi svæðis er um 7ha. Deiliskipulagið er í samræmi við Aðalskipulag Árborgar 2020-2036, þar sem svæðið er með landnotkunina Íþ2.

Náttúruverndarstofnun hefur kynnt sér tillöguna og gerir engar athugasemdir.

Virðingarfyllst,

Ingibjörg Marta Bjarnadóttir
sérfræðingur

Axel Benediktsson
sérfræðingur